

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

247. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 5. febrúar 2015, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Árborg Ragnarsdóttir, Guðjón Þórarinn Loftsson, Guðrún Eik Skúladóttir og Ragnar Smári Helgason.

Embættismenn:

Úlfar Trausti Þórðarson sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Fundarritari:

Guðrún Eik Skúladóttir

Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1501119** Hvammstangabraut 40. Umsókn um byggingarleyfi.
- 2. Erindi nr. 1501122** Fyrirspurn um byggingarleyfi á raðhúsi í Túnahverfi.
- 3. Erindi nr. 1501123** Víðigerði, Gistiheimili. Breytingar innanhúss
- 4. Erindi nr. 1501124** Höfðabraut 46. Íbúarhús. Breytingar innanhúss
- 5. Erindi nr. 1501125** Staðarskáli. Veitingarstaður. Breytingar innanhúss
- 6. Erindi nr. 1501127** Efri Þverá. Landskipti milli Efri Þverár I og Efri Þverár II.

Tekið á dagskrá:

Afgreiðslur:

- 1. Erindi nr. 1501119** Hvammstangabraut 40. Umsókn um byggingarleyfi. Vigfús Halldórsson hönnuður sækir um byggingarleyfi fyrir breytingu innanhúss fyrir hönd Skeljungs á matsal og verslun að Hvammstangabraut 40.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að fjöldi salerna er ekki nægjanlegur skv. gr. 6.8.4 í BR 112/2012. Slökkviliðstjóri bendir á að gera þarf grein fyrir tveimur aðskildum flóttaleiðum úr veitingasal. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir og að ofangreindum kröfum er fullnægt.

- 2. Erindi nr. 1501122** Fyrirspurn um byggingarleyfi á raðhúsi í Túnahverfi. Jóhannes Erlendsson kt. 230346-7719 er með fyrirspurn til ráðsins um hvort hægt sé að byggja fjögurra íbúða raðhús í Túnahverfi á Hvammstanga. Afstöðumynd af sambærilegu raðhúsi er lögð fram til kynningar.

Skipulags- og umhverfisráð tekur vel í fyrirspurnina þar sem mikil þörf er á svona húsnæði en bendir á að grenndarkynna þyrfti framkvæmdina fyrir nágrönnum þar sem ekki er gert ráð fyrir raðhúsum í deiliskipulagi Túnahverfis.

- 3. Erindi nr. 1501123** Víðigerði, Gistiheimili. Breytingar innanhúss. K.L.H. ehf. kt. 420614-1280 sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum innanhúss. Um er að ræða gistiheimili á efri hæð og veitingarsal á neðri. hæð skv. meðfylgjandi uppdráttum. Uppdrættirnir eru unnir af Bjarna Þ. Einarsyni hjá Ráðbarði sf.

Slökkviliðsstjóri bendir á að gera þarf grein fyrir umferðarleið vegna flóttaleiðar á vesturhlið. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir og kröfum slökkviliðsstjóra er fullnægt.

- 4. Erindi nr. 151124** Höfðabraut 46. Íbúðarhús. Breytingar innahúss. Sótt er um breytingu á innra skipulagi að breyta bílskúr í íbúð.

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu þar sem gert skal ráð fyrir bílageymslu fyrir 1-2 bíla skv. Smábýli við Höfðabraut - Greinargerð með deiliskipulagi smábýla.

- 5. Erindi nr. 151125** Staðarskáli. Veitingarstaður. Breytingar innanhúss. Hafsteinn Guðmundsson kt. 1508572879 sækir um byggingarleyfi fyrir hönd N1 hf. vegna breytinga innanhúss í veitingasal að Stað III lnr.215458 skv. meðfylgjandi uppdráttum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir.

- 6. Erindi nr. 151127** Efri Þverá. Landsskipti á jörðinni Efri Þverá lnr. 144528. Undirritaður hrl. Ívar Pálsson lögmaður hjónanna Jóhönnu Elku Geirsdóttur kt. 280256-4129 og Halldórs Svanssonar kt. 140955-2649 og undirritaður lögmaður Garðar Gíslason hdl. lögmaður hjónanna Ingibjargar Guðrúnar Geirsdóttur kt. 221258-5419 og Jóhanns Baldurssonar kt. 070256-3719 fara þess sameiginlega á leit við sveitarfélagið að sveitarfélagið samþykki fyrir sitt leyti skiptingu jarðarinnar Efri Þverár lnr. 144528 í tvær jarðir skv. meðfylgjandi uppdrætti dags. 9. desember 2014. Gert er ráð fyrir að ný landnr. verði sett á báða jarðarhlutana og gamla landnr. verði nýtt á þann hluta jarðarinnar sem verður áfram í sameign aðila. Jafnframt er óskað eftir því að sveitarfélagið samþykki að jarðirnar beri heitin Efri Þverá I og Efri Þverá II. Samhliða er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess hvort sveitarfélagið samþykki fyrir sitt leyti lögbylisrétt fyrir báða jarðarhlutana.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:40

Pétur Arnarsson

Árborg Ragnarsdóttir

Guðjón Þórarinn Loftsson

Ragnar Smári Helgason

Úlfar Trausti Þórðarson

Guðrún Eik Skúladóttir

sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs